



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021
R21040175

Borgarráð

Viðauki við innheimtureglur Reykjavíkurborgar varðandi heimild til greiðsludreifingar almennra krafna vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Lagt er til borgarráð samþykki meðfylgjandi viðauka 2 við innheimtureglur Reykjavíkurborgar varðandi heimild til greiðsludreifingar almennra krafna vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur sett í viðauka 2 við innheimtureglur Reykjavíkurborgar reglur varðandi heimild til greiðsludreifingar almennra krafna vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Momentum, greiðslu- og innheimtuþjónusta, sem sér um milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg verður heimilt að gera sérstakt greiðslusamkomulag, til allt að 10 mánaða, við greiðendur almennra krafna útgefnum af Reykjavíkurborg eftir að áhrifa kórónuveirufaraldursins var vart, þ.e. kröfum gefnum út 1. mars 2020 eða síðar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt: Viðauki 2 við innheimtureglur Reykjavíkurborgar.

Viðauki 2 við innheimtureglur 2.2, FMS-STE-011

Heimild til greiðsludreifingar almennra krafna vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins

Momentum, greiðslu- og innheimtuþjónusta, sem sér um milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg, er heimilt að gera sérstakt greiðslusamkomulag við greiðendur almennra krafna útgefnunum af Reykjavíkurborg eftir að áhrifa kórónuveirufaraldursins var vart, þ.e. kröfum gefnum út 1. mars 2020 eða síðar.

Heimilt er að gera greiðslusamkomulag til allt að 10 mánaða. Dráttarvextir reiknast á kröfur á meðan á samkomulaginu stendur en heimilt er að falla frá dráttarvöxtum á kröfur sem samkomulag hefur verið gert um, standi greiðandi við samkomulagið.

Verði vanskil á greiðslu vegna greiðslusamkomulags eða vegna frekari viðskipta við Reykjavíkurborg fellur greiðslusamkomulagið úr gildi og innheimtuferli heldur áfram þaðan sem frá var horfið þegar greiðslusamkomulagið var gert.

Alla nýja gjalddaga þarf að greiða samhliða greiðslusamkomulaginu.